

Febrúar 2026



Fréttabréf Skýjaborgar

Október 2025 – janúar 2026

Það hefur verið líf og fjör í leikskólanum síðustu mánuði! Við höfum notið þess að leika, læra og syngja ásamt öflugri útiveru innan sem utan leikskólalóðarinnar í þessum veðurbliða vetri sem hefur verið hjá okkur. Hér fyrir neðan höfum við tekið saman helstu viðburði og verkefni sem hafa mótað daglegt starf okkar frá hausti og fram á nýtt ár.

Október – Ég sjálfur og fjölskyldan mín / Litir

Í október var unnið með þemað Ég sjálfur og fjölskyldan mín / litir. Þemanu var fléttað inn í leik og starf.



Skólasamstarf

Skólasamstarfið hófst í lok september þegar 1. bekkur kíkti til okkar í Skýjaborg í heimsókn í leik. Í byrjun október var svo sameiginleg vettvangsferð Regnbogahóps (elsta árgangsins, árg. 2020) í Skýjaborg og 1. bekkjar í Heiðarskóla í Álfholtsskóg. Það er alltaf jafn notalegt að kíkja í heimsókn í skógin. Þetta var góð ferð með gönguferð, frjálsum leik, heitu súkkulaði og kexi.

Regnbogahópur heimsótti Heiðarskóla 6 skipti í október og nóvember. Þau æfðu sig með því að fara í skólarútu, fóru í íþróttir, fengu að skoða Heiðarskóla, fóru á bókasafnið, í



myndlistartíma, sögðu hæ við systkini, léku og unnu með 1. bekk, fóru í leikstofu og útiveru. Skólasamstarfi haustannar lauk svo með því að Regnbogahópur tók þátt í Fullveldishátíð Heiðarskóla með söngatriði ásamt 1. bekk og stóðu börnin sig mjög vel og höfðu gaman af. Skólasamstarfið heldur svo áfram

Febrúar 2026

núna í febrúar með fleiri heimsóknum í Heiðarskóla og annarri sameiginlegri vettvangsferð.

Umferðarvika

Við höldum umferðarviku í haust þar sem farið var yfir umferðarreglur og hvað við gerum áður en við förum yfir götu og mikilvægi þess að sjást vel í myrkrinu. Innipúkinn ásamt krökkunum í Kátugötu aðstoðuðu í umferðarfræðslunni. Við fengum enduskinsmerki að gjöf frá Slysavarnarfélaginu Lífi.



Alþjóðlegi bangsadagurinn

27. október er alþjóðlegi bangsadagurinn. Eins og hefð er hjá okkur buðum við bangsa velkomna til okkar og höfðum kósýdag þar sem mæta mátti á náttfötunum.

Rýmingaræfing



Við höldum rýmingaræfingu í lok október þar sem slökkviliðsmaður kom og fylgdist með rýmingunni. Æfingin gekk mjög vel og er talið í sekúndum hvað við erum fljót að rýma leikskólann.

Hrekkjavaka

Við höldum búningadag í tilefni hrekkjavöku.

Nóvember – Jól og vinátta

Í nóvember og desember var unnið með þemunum jól og vinátta. Við byrjuðum nóvember á baráttudegi gegn einelti, en þá leggjum við sérstaka áherslu á að vera góður vinur við hvert annað. Á þessum degi hlupum við *Vináttuhlaup*, sem voru þrír hringir í kringum leikskólann. Í lokin fengu börnin góða fimmu og deildin fékk viðurkenningarskjal frá vini okkar Blæ.

Foreldraviðtöl

Febrúar 2026

Deildarstjórar buðu upp á foreldraviðtöl í lok október og byrjun nóvember. Viðtölin voru góð og uppbyggileg. Mjög gott að fá tækifæri til að ræða saman um börnin og styrkja samstarfið.

Dagur íslenskrar tungu



Við höldum upp á Dag íslenskrar tungu um miðjan nóvember. Í tilefni voru nokkrir viðburðir hjá okkur. Við fengum rithöfundinn Rán Flygenring í heimsókn sem las fyrir okkur bókina sína *Blöku*. Börnin sátu spennt og hlustuðu af mikilli athygli, svo við getum gefið bæði bókinni og Rán sem lesara og rithöfundu topppeinkunn.

3. bekkur kom í heimsókn til okkar og las fyrir börnin í litlum hópum. Það gekk mjög vel og krakkarnir sátu og hlustuðu vel.

Lubbi sem hjálpar okkur að læra íslensku máhljóðin á afmæli á Degi íslenskrar tungu. Hann fékk kórónu og afmælissöng í tilefni dagsins.

Í lok nóvember fengum við jólaleikritið *Langleggur og Skjóða* til okkar í boði Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Það var virkilega skemmtilegt og þökkum við foreldrafélaginu kærlega fyrir.

Jólaljós tendruð á jólatré á Vinavelli

Skrifstofan bauð okkur líkt og vanalega að vera viðstödd þegar jólaljósir voru tendruð á jólatrénu á Vinavelli. Við sungum nokkur jólalög og dönsuðum í kringum jólatréð. Að lokum var okkur boðið upp á mandarínur.



Desember – jól og vinátta

Í byrjun desember buðum við foreldrum og fjölskyldum barnanna í aðventukaffi sem hófst með stuttri aðventusamverustund þar sem sungin voru nokkur lög og kveikt á kertum á

Febrúar 2026

aðventukransinum. En fyrir aðventukaffið höfðu börnin bakað piparkökur og skreytt, sem var svo í boði í kaffinu ásamt fleiru.

Við brutum einnig upp desember með jólafatadag þar sem öll voru hvött til að mæta í einhverjum fötum með jólamyndum eða jólahúfu.

Um miðjan desember voru svo litlu jólin okkar. Þá var haldið jólaball þar sem sungið var og dansað í kringum jólatréð. Nokkrir jólasveinar kíktu í heimsókn, börnunum til mikillar gleði. Í hádeginu var svo fínni jólamatur í boði og ís í eftirrétt.



Janúar – Líkaminn minn og Könnunarverkefni á Regnboganum

Í janúar kom þorinn. Við höldum bóndadagskaffi á bóndadaginn. Í byrjun febrúar var svo þorablót þar sem var ýmis þorramatur á boðstólum.

Jólagjöf frá foreldrafélaginu

Í byrjun janúar barst okkur vegleg jólagjöf frá foreldrafélaginu. Við fengum lítinn en öflugan skjávarpa sem hægt er að stilla upp hvar sem er og nýtist vel til að skapa skynörvandi umhverfi. Við færum foreldrafélaginu bestu þakkir fyrir góða gjöf sem á eftir að gagnast okkur vel á næstu árum.

Dótadagur

Að ósk barnanna skelltum við á dótadag seinni partinn í janúar. Hann er ekki fastur liður hjá okkur, en hann kemur oft inn í janúar hjá okkur að ósk barnanna. Þetta var skemmtilegur dagur þar sem börnin komu með dót að heiman og léku saman.

Rafmagnslaus dagur



Við enduðum janúar á einum rafmagnslausum degi. Það var heldur dimmt hjá okkur og höfðum við því nokkrar seríur í gangi. En við gátum ekki ristað brauðið okkar í morgunmatinn og það var skyr í hádegismatinn. Þó að það hafi ekki verið alveg rafmagnslaust þá vakti

Febrúar 2026

þetta umræður meðal barnanna um rafmagnið.

Skipulagsdagar

Á skipulagsdegi í október fór starfsmannahópurinn á ráðstefnu sem Félag leikskólakennara og Samtök áhugafólks um skólapróun héldu. Ráðstefnan bar heitið *Hvað er leikskóli?* Og fjallaði um hlutverk leikskólans í samfélaginu og hlutverk kennara og annars starfsfólks í leik og námi barna.



Annar skipulagsdagur var svo í byrjun janúar og þá var starfsfólk með starfsmannafund, deildarfundir og fengu fyrirlestur um Læsi í sjálfssprottnum leik frá Guðrínu Öldu Harðardóttur og fyrirlestur um málþroska og læsi frá Þórdísi Þórisdóttur.

Utan skipulagsdaga tók allt starfsfólk námskeið um barnvænt sveitarfélag sem er hluti af fræðslu starfsfólks þar sem Hvalfjarðarsveit er að stíga þau skref að verða barnvænt sveitarfélag.

Barna- og starfsmannahópurinn

Tvö börn bættust í hópinn hjá okkur á Dropanum í janúar. Við bjóðum þeim og fjölskyldum þeirra velkomin. Barnahópurinn er nú 36 talsins, 21 á Regnboganum og 15 á Dropanum.

Í janúar byrjuðu þrír nýir starfsmenn hjá okkur, þær Hanna Bergrós, Milena og Ronja. Í febrúar byrjaði svo Lilja Rós hjá okkur. Ein þeirra kemur inn vegna fjölgunar barna og aðrar í afleysingar. Við bjóðum þær allar velkomnar til starfa.

Febrúar 2026

